

1863.

10. marzm.

faðir hennar var sveitlægur þegar hann dó, þareð hvorki faðir stjúpföður hennar, sem hún var í fóstri hjá, nè stjúpfaðir hennar sjálfur, sáu sér lengur fært að veita henni foröorgun; en í greindum úrskurði amtsins er svo álitid, að hún ödlist framfærslurètt þar sem móðir hennar varð sveitlæg, þá er hún giptist í annað sinn.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þer birtid það, að þareð ofangreind Jónína Jónsdóttir var yngri en 16 vetra að aldri, þá er amtid lagði úrskurð á málið, og bæði móðir hennar og stjúpi voru á lífi, þá eru úrslit máls þessa eigi undir því komin, hvar hún sè sveitlæg, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið henni til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hennar, og þareð enginn ágreiningur er um, að þau eru sveitlæg í Barðastrandar hrepp, getur sú sveit ekki átt tilkall til endurgjalds frá Flateyjar hrepp fyrir fè það, sem varið var henni til uppeldis þangað til hún varð 16 vetra gömul.

10. marzm.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lögregluþjón í Gullbringu sýslu.

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. nóvemberm. f. á., hefir Clausen sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu farið þess á leit, að veitt verði úr jafnaðarsjóði amtsins eður einhverjum öðrum sjóði svo mikið fè, er þurfi til að fá einn lögregluþjón, er ætti að búa í Hafnarfirði og vera skyldur að fara með sýslumanni í lögregluerindum hans, hvenær sem honum þætti slíkt nauðsynlegt. Um leið og þer senduð hingað skjal þetta, hafid þer, herra stiptamtmaður, getid þess, að þer að vísu álitid hagfelld, að þetta geti komizt á, en að það muni kosta 200 rdl. á ári, og að fè þetta hvorki geti orðid greitt úr dómsmálasjóðnum, nè heldur úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins; og með því yður eigi heldur virtist að þer geta lagt það til, að það verði greitt úr rikissjóðnum, þá hafid þer, um leið og þer skutuð málinu

1863.

10. marzm.

undir úrskurð stjórnarráðsins, stungið upp á, að ráðið verði úr þessu á þann hátt, að lögregluþjónunum í Reykjavík, sem nú eru þrír, verði fækkað um einn, svo að þeir verði tveir eins og þeir áður voru, og að þriði þjónninn sé eptir látinn sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósar sýslu, og skuli eins og að undanfögnu greidd úr jafnaðarsjóði amtsins launin handa þessum þjóni, sem ekki hafi verið skipaður fyrri en nú á síðustu árum, af því menn þá hafi búizt við, að verzlunarfrelsið mundi gjöra nauðsynlegt að auka lögreglustjórnina í Reykjavík, en sú raun hafi ekki enn á orðið.

Út af þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Clausen sýslumanni, að eins og launin handa lögregluþjóni í Hafnarfirði hvorki verða greidd úr dómsmálasjóðnum né úr ríkissjóðnum, þannig virðist dómsmálastjórninni eigi heldur við eiga, að þau sé greidd úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, jafnvel þó sjóður þessi um leið yrði laus við að greiða jafnmikið fé fyrir það, að tekið yrði af þriðja lögregluþjónsembættið í Reykjavík, og ber þess að geta, að óregla sú, sem sýslumaðurinn nefnir, og fyrir þá sök óskar að fá lögregluþjón, ekki stendur í sambandi við verzlunarfrelsið, svo sem sjá má af bréfi hans, og eiga því sér hér ekki stað ástæður þær, sem opið bréf 24. nóv. 1856 er byggt á, og lagabod þetta veitir þess vegna enga heimild til að leggja gjald þetta á jafnaðarsjóðinn. Þar á móti verður stjórnarráðið að benda yður á, herra stiptamtmaður, að íhuga, hvort ekki megi gjöra ráðstafanir til þess, að gjöld þau, sem hér er um rætt, sé greidd úr hlutaðeiganda sveitarsjóði.

**25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, 16. marzm.
um herskipsferð til Íslands og erindisbréf skipstjóra
m. m.**

Í bréfi dagsettu 7. þ. m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að „St. Thomas“, sem er briggskip, og Albeck, „kapitainlieutenant“, ræður fyrir, eigi að fara á stað hëðan til Íslands einhvern dag-